

## Persónuverndarstefna

Sjóðurinn móttækur, varðveitir og ávaxtar iðgjöld og greiðir lífeyri. Jafnframt veitir sjóðurinn sjóðfélögum lán gegn veði í íbúðarhúsnæði. Til þess að geta sinnt hlutverki sínu þarf sjóðurinn að hafa aðgang að persónuupplýsingum sjóðfélaga sinna. Sjóðurinn vinnur jafnframt með persónuupplýsingar starfsfólks síns til að efna ráðningarsamninga. Sjóðurinn telst ábyrgðaraðili þeirra gagna sem unnið er með í starfsemi hans.

Sjóðurinn leggur áherslu á örugga meðhöndlun persónuupplýsinga og gerir viðeigandi ráðstafanir til þess að vernda þær.

## Persónuupplýsingar

Persónuupplýsingar eru upplýsingar sem tengja má við einstaklinga, svo sem nöfn, kennitölur, heimilisföng og bankaupplýsingar, ljósmyndir og afrit af skilríkjum. Þegar talað er um meðferð persónuupplýsinga er átt við hvers kyns gagnavinnslu þar sem slíkar upplýsingar koma við sögu, hvort um er að ræða söfnun upplýsinga, skráningu þeirra, breytingar eða aðra notkun. Þegar talað er um sjóðsfélaga er átt við hverja þá sem greitt hafa iðgjöld til sjóðsins og þá sem öðlast hafa rétt til lífeyrisgreiðslna úr sjóðnum með öðrum hætti en með greiðslu iðgjalda.

## Reglur sem gilda um meðferð persónuupplýsinga

Núgildandi lög um persónuvernd eru lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, en sú löggjöf er byggð á persónuverndarlöggjöf Evrópusambandsins (GDPR).

Í 18. gr. laga um lífeyrissjóði nr. 129/1997 er lögð skylda á lífeyrissjóði að vinna með persónuupplýsingar um sjóðsfélaga.

Lögmæti vinnslu persónuupplýsinga í lánsúmsóknum byggir fyrst og fremst á samþykki umsækjenda og heimildum í lögum um fasteignalán til neytenda nr. 118/2016 og reglugerð nr. 270/2017.

Lögmæti vinnslu persónuupplýsinga starfsúmsækjenda byggir á samþykki þeirra, sem felst í starfsúmsókn þeirra. Lögmæti vinnslu persónuupplýsinga starfsfólks byggir á ráðningarsamningi en sjóðnum er nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar þeirra til að efna samning sem einstaklingurinn er aðili að.

## Meðferð persónuupplýsinga hjá sjóðnum

Sjóðurinn vinnur einungis persónuupplýsingar sjóðfélaga á grundvelli samþykkis og/eða lagaheimilda og eru upplýsingarnar eingöngu nýttar í þeim tilgangi sem þeim er ætlað. Til að tryggja að hver og einn fái lífeyri verður lífeyrissjóðurinn að hafa aðgang að persónuupplýsingum sem auðkenna einstaklinga á öruggan máta. Eðli málsins samkvæmt þarf að afla upplýsinga svo sem nafns, kennitölu og heimilisfangs, eins og getið er um í 18. gr. laga um lífeyrissjóði. Lífeyrissjóðurinn þarf einnig aðgang að ýmsum öðrum persónuupplýsingum, til dæmis um tekjur, starfshlutfall og bankareikning. Eftirfarandi umfjöllun er ekki tæmandi talning á vinnslu persónuupplýsinga hjá sjóðnum.

## Iðgjöld

Sjóðurinn móttækur iðgjöld frá launagreiðendum. Persónuupplýsingar sem sjóðurinn fær eru m.a. þessar:

- Nafn og kennitala sjóðfélaga
- Starfshlutfall sjóðfélaga ef hann er í B deild sjóðsins
- Fjárhæð iðgjalds og mótfamlags

## Lífeyrir

Sjóðurinn veitir sjóðfélögum sínum eftirlaun til æviloka. Jafnframt ávinna sjóðfélagar sér rétt til örorkulífeyris, makalífeyris og barnalífeyris. Persónuupplýsingar sem sjóðurinn hefur vegna greiðslu lífeyris eru m.a. þessar:

- Nafn, kennitala, heimilisfang, netfang og símanúmer
- Upplýsingar um bankareikninga
- Upplýsingar um skattþrep og nýtingu persónuafsláttar
- Makalífeyrir – upplýsingar um maka og börn
- Örorkulífeyrir – upplýsingar um börn
- Launatekjur
- Læknisvottorð (upplýsingar um sjúkrasögu, vinnugetu, greiðslur frá launagreiðenda, atvinnuleysis-tryggingarsjóði, sjúkrasjóði og Tryggingastofnun og upplýsingar um læknisheimsóknir).
- Skattframtal

## Sjóðfélagalán

Sjóðurinn býður sjóðfélögum sínum lán gegn veði í íbúðarhúsnæði. Lög nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda og reglugerð nr. 270/2017 leggja margvíslegar skyldur á lánveitendur um hvernig vinnslu upplýsinga um lántaka skuli háttáð. Persónuupplýsingar sem sjóðurinn hefur vegna lánsúmsókna eru m.a. þessar:

- Nafn, kennitala, heimilisfang, netfang og símanúmer
- Staðfesting á að viðkomandi sé sjóðfélagi
- Uppfletting í þjóðskrá
- Greiðslumat og lánshæfiseinkunn Creditinfo
- Tekjur
- Upplýsingar um eignir og skuldbindingar
- Upplýsingar um fjölskylduhagi
- Skattframtal
- Afrit af skilríkjum
- Upplýsingar um stjórn mála og tengsl

## Rekstur sjóðsins

Í daglegum rekstri sjóðsins er unnið með persónuupplýsingar. Þörf er á persónuupplýsingum við ráðningu starfsfólks, launavinnslu, vinnu tryggingastærðfræðinga og annarra sérfræðinga. Á sjóðnum hvílir einnig sú lagaskylda að varðveita tilgreind persónugreinanleg gögn, s.s. vegna ákvæða laga um aðgerðir gegn peningapvætti, ákvæða bókhaldslaga og vegna upplýsingagjafar til eftirlitsaðila og annarra opinberra aðila. Persónuupplýsingar sem sjóðurinn hefur vegna þessa eru:

- Upplýsingar vegna starfsumsóknna og launavinnslu
- Upplýsingar um sjóðfélaga vegna vinnu tryggingastærðfræðinga og annarra sérfræðinga

## Vafrakökur

Sjóðurinn notar vafrakökur á vefsíðu sinni til þess að tryggja bestu mögulegu upplifun notenda og eðlilega virkni á vefnum. Vafrakökur eru notaðar í margvíslegum tilgangi, þar á meðal til þess að bæta virkni vefsíðunnar og til greiningar. Þegar vefsíða sjóðsins er skoðuð er m.a. eftirfarandi upplýsinga aflað um þann sem það gerir:

- IP tala tölvu eða snjalltækis
- Tegund og útgáfa vafra
- Tímasetning og tímalengd heimsóknar
- Hvaða undirsíður sjóðsins eru skoðaðar
- Nánari upplýsingar um vafrakökur eru aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins.

## Miðlun persónuupplýsinga

Sjóðurinn afhendir ekki persónuupplýsingar nema honum sé það skylt samkvæmt lögum, t.a.m. til opinberra aðila eða annarra aðila sem hafa heimildir samkvæmt lögum til að móttaka slíkar upplýsingar.

Sjóðurinn þarf í ýmsum tilfellum að miðla persónuupplýsingum um sjóðfélaga til þriðja aðila sem vinnur með þær fyrir sjóðinn. Miðlun persónuupplýsinga til þriðja aðila fer jafnan fram á grundvelli vinnslusamnings.

Dæmi um vinnsluaðila:

- Trúnaðarlæknar
- Tryggingastærðfræðingar
- Upplýsingatækniþjónusta

Sjóðurinn miðlar jafnframt upplýsingum um sjóðfélaga til annarra lífeyrissjóða, t.d. þegar sjóðfélagi á réttindi í fleiri en einum sjóði og óskar eftir að hefja töku lífeyris. Framsending gagna og umsóknna á sér stað á grundvelli laga um lífeyrissjóði og/eða samkvæmt samþykki viðkomandi sjóðfélaga.

Starfsfólk sjóðsins sem hefur aðgang að persónuupplýsingum vinnur aðeins með þær upp að því marki sem nauðsynlegt er.

## Geymslutími persónuupplýsinga

Gögn eru geymd eins lengi og nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslu og skilmála samninga og í samræmi við lög og reglur. Geymslutími lífeyrisréttinda getur verið langur en þær upplýsingar eru geymdar svo lengi sem sjóðfélagi og tengdir aðilar eiga virk réttindi hjá sjóðnum. Gögn vegna láns-umsókna eru geymd út líftíma lánsins og svo lengi sem lög kveða á um.

## Réttindi sjóðfélaga

### Aðgangsréttur

Sjóðfélagi á rétt á því að fá staðfest hvort verið er að vinna persónuupplýsingar er varða hann og hefur rétt að fá aðgang að þeim upplýsingum.

### Réttur til leiðréttingar og eyðingar

Sjóðfélagi hefur rétt til að óska eftir því að rangar persónuupplýsingar um hann verði leiðréttar. Jafnframt getur sjóðfélagi í ákveðnum tilfellum farið fram á að persónuupplýsingum um hann verði eytt, t.a.m. á grundvelli þess að persónuupplýsingar séu ekki lengur nauðsynlegar fyrir vinnslu, samþykki hafi verið afturkallað eða enginn annar lögmætur lagagrundvöllur sé til staðar.

### Réttur til takmörkunar á vinnslu

Í ákveðnum tilvikum getur sjóðfélagi átt rétt til þess að óska eftir takmörkun á vinnslu, t.a.m. ef sjóðfélagi véfengir að persónuupplýsingar séu réttar eða telur vinnsluna vera ólögmeata.

### Persónuvernd

Sjóðfélagi getur lagt fram kvörtun til Persónuverndar - [www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is).

## Öryggi persónuupplýsinga og vinnsluaðilar

Sjóðurinn leggur ríka áherslu á að persónuupplýsingar sem safnað er og unnið með séu varðveittar á eins tryggan hátt og kostur er.

### Öryggi upplýsinga

Sjóðurinn hefur byggt upp upplýsingaöryggiskerfi til að tryggja vernd persónuupplýsinga í samræmi við reglur 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga. Upplýsingaöryggiskerfið nær til allra helstu hugbúnaðarkerfa sjóðsins.

### Vinnsluaðilar

Tölvukerfi sjóðsins eru rekin innan sjóðsins en gerðir hafa verið útivistunarsamningar við ytri þjónustuaðila. Við útvistun verkefna er farið eftir útivistunarstefnu sjóðsins sem aðgengileg er á vefsíðu hans.

## Fyrirspurnir

Vilji sjóðfélagi nýta rétt sinn er hægt að hafa samband við sjóðinn með eftirfarandi hætti:

- Á heimasíðu sjóðsins á „Mínum síðum“ á sérstöku umsóknareyðublaði
- Með bréfpósti: Brú lífeyrissjóður, Sigtúni 42, 105 Reykjavík

Hafa skal í huga að ekki er heppilegt að senda viðkvæmar upplýsingar í tölvupósti. Þegar beiðið er um aðgang að persónuupplýsingum mun sjóðurinn fara með hverja beiðni sem sérstakt erindi. Mikilvægt er að tilgreina nákvæmlega hvaða upplýsinga óskað er eftir.

## Endurskoðun á persónuverndarstefnu

Sjóðurinn endurskoðar persónuverndarstefnu sína með reglubundnum hætti og gerir breytingar sem þörf er talin á, m.a. í því skyni að samræma persónuverndarstefnu ákvæðum gildandi laga og reglna er varða persónuvernd hverju sinni.

Samþykkt á stjórnarfundum 10.mars 2025